

ÁRSSKÝRSLA 2025

Starfsáætlun 2026

**FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
VESTFJARÐA**



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Kennitala 511199-2049
Suðurgata 12, 400 Ísafjörður
Heimasíða frmst.is
Netfang frmst@frmst.is
Ársskýrsla 2025 og starfsáætlun 2026

Mái 2026

Efnisyfirlit

Fræðslumiðstöð Vestfjarða.....	5
Fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2025	5
Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar í öðrum stofnunum	6
Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2025.....	7
Kennarar og leiðbeinendur	7
Starfsstöðvar og starfsaðstaða.....	8
Rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.....	8
Formlegir samstarfsaðilar	9
Námið	11
Náms- og starfsráðgjöf/hvatningarviðtöl	16
Raunfærnimat.....	17
Þjónusta við atvinnulíf og skóla.....	18
Samstarf við stéttarfélög og starfsmenntasjóði	19
Samstarf símenntunarmiðstöðva og fullorðinsfræðsluaðila	19
Þróunarverkefni - samstarfsverkefni.....	20
Gæðamál	20
Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026	21
Lokaorð	25
Viðauki I – Gröf með upplýsingum úr starfseminni.....	26
Viðauki II EQM Viðurkenning	30

Hér gefur að líta 26. ársskýrslu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og er henni ætlað að lýsa starfsemi og verkefnum miðstöðvarinnar árið 2025. Einnig fylgir starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

Árið 2025 var viðburðaríkt í starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Flest starfsmarkmið ársins náðust og sjá má merki um áframhaldandi þróun og öflugt samstarf við atvinnulíf, stofnanir og íbúa á Vestfjörðum.

Mikill vöxtur varð í íslenskukennslu á árinu og hefur þátttaka á námskeiðum í íslensku sem öðru máli aldrei verið meiri. Leitast er við að svara eftirspurn og halda íslenskunámskeið í sem flestum byggðakjörnum Vestfjarða ásamt því að bjóða upp á fjarnám. Verkefnið *Gefum íslensku séns* hefur reynst mikilvæg viðbót við íslenskunámskeiðin og hefur skapað jákvæða umræðu um mikilvægi tungumálsins sem lykils að þátttöku, tengslamyndun og inngildingu í samfélaginu.

Á árinu tók Fræðslumiðstöðin sín fyrstu skref í Erasmus+ samstarfi og varð þar með hluti af evrópsku samstarfsneti á sviði fullorðinsfræðslu. Vænst er að þátttakan opni ný tækifæri fyrir starfsfólk, kennara og nemendur til náms, þróunar og alþjóðlegra tengsla og er mikilvægt skref í áframhaldandi uppbyggingu miðstöðvarinnar.

Gæðamál voru áfram í brennidepli á árinu. Fræðslumiðstöðin fór í gæðaúttekt samkvæmt EQM+ gæðakerfinu og hlaut í kjölfarið endurnýjaða gæðavottun til næstu þriggja ára. Sú niðurstaða staðfestir fagleg vinnubrögð, sterka innri stjórnsýslu og að áhersla er lögð á gæði þjónustu, kennslu, ráðgjafar og raunfærnimats. Úttektarferlið er í senn krefjandi og lærdómsríkt en umfram allt mikilvægur liður í umbótastarfi.

Afkoma ársins var jákvæð og rekstur miðstöðvarinnar gekk vel þrátt fyrir áframhaldandi framkvæmdir og viðhald húsnæðis vegna mygluvandamála sem upp komu árið áður. Á árinu var jafnframt fjárfest í búnaði og aðstöðu sem styður betur við nútímalega kennslu og fjarnám. Fjárhagsleg staða miðstöðvarinnar er því traust og skapar góðan grunn fyrir áframhaldandi þróun starfseminnar á komandi árum.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem hefur það markmið að efla menntun á Vestfjörðum og þá einkum að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Í þessu sambandi skulu þarfir atvinnulífs og íbúa sérstaklega hafðar í huga. Lögð skal áhersla á að sem flestir íbúar Vestfjarða hafi aðgang að þjónustu Fræðslumiðstöðvarinnar óháð búsetu. Fræðslumiðstöðin hafi enn fremur forgöngu um fjarkennslu á sem flestum sviðum.

Helstu verkefni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða:

- Skipulagning og umsjón með námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins
- Skipulagning og umsjón með íslenskunámskeiðum
- Skipulagning og umsjón með almennum námskeiðum
- Raunfærnimat
- Náms- og starfsráðgjöf
- Hvatningarviðtöl
- Fræðslustjóri að láni ásamt fræðsluáætlun
- Umsjón með *Gefum íslensku séns*
- Upplýsingamiðlun
- Nemendabókhald
- Afgreiðsla og bókhald
- Próftaka háskólanema og annarra á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði

Fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2025

Við Fræðslumiðstöðina er starfrækt fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum stofnaðila og einum til vara. Fulltrúaráðið er æðsta stjórn miðstöðvarinnar. Hlutverk þess er að ákveða meginþætti í stefnu og starfstilhögun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er þannig skipað í lok árs 2025:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks	Margrét Geirsdóttir	Guðný Hildur Magnúsdóttir
Kjölur (áður FosVest)	Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir	Pórunn Sunneva Pétursdóttir
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Dagbjört Hjaltadóttir	Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir
Menntaskólinn á Ísafirði	Heiðrún Tryggvadóttir	Dóróthea M. Einarsdóttir
Náttúrustofa Vestfjarða	Hulda Birna Albertsdóttir	

Útvegsmannafélag Vestfjarða	Einar Valur Kristjánsson - varaformaður fulltrúaráðs	Kristján G. Jóakimsson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Guðrún Sigríður Matthíasdóttir	Margrét Jóhanna Birkisdóttir
Vestfjarðastofa	Sigríður Kristjánsdóttir	Aðalsteinn Óskarsson
Vinnuveitendafélag Vestfjarða	Kristján G. Jóhannsson - formaður fulltrúaráðs	Sigurður Viggósson

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipuð fimm fulltrúum. Þrjú aðalfulltrúar og þrjú til vara eru kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs, einn aðalfulltrúi og einn til vara eru tilnefndir af skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði og þá á formaður fulltrúaráðs sjálfkrafa setu í stjórn og er varaformaður fulltrúaráðs varamaður hans. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2025 skipa:

- Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir, formaður, Kjölur stéttarfélag
- Arnheiður Jónsdóttir
- Heiðrún Tryggvadóttir, Menntaskólinn á Ísafirði
- Kristján G. Jóhannsson, Vinnuveitendafélag Vestfjarða, formaður fulltrúaráðs
- Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofa Vestfjarða (hætti í stjórn á árinu)

Varamenn stjórnar:

- Aðalsteinn Óskarsson, Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
- Dóróthea Margrét Einarsdóttir, Menntaskólinn á Ísafirði
- Einar Valur Kristjánsson, Útvegsmannafélagi Vestfjarða, varaformaður fulltrúaráðs
- Guðrún Sigríður Matthíasdóttir, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga
- Margrét Birkisdóttir, Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Á milli aðalfunda hélt stjórnin 5 bókaða fundi. Formaður stjórnar og formaður fulltrúaráðs voru í tíðari samskiptum við forstöðumann.

Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar í öðrum stofnunum

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á aðild að Háskólasetri Vestfjarða, Vestfjarðastofu og Starfsendurhæfingu Vestfjarða. Eftirtaldir eru fulltrúar miðstöðvarinnar á aðalfundum/ársfundum þessara aðila:

Háskólasetur Vestfjarða: Aðalmaður Dagný Sveinbjörnsdóttir, varamaður Sædis María Jónatansdóttir.

Vestfjarðastofa: Aðalmaður: Sædis María Jónatansdóttir, varamaður Dagný Sveinbjörnsdóttir.

Starfsendurhæfing Vestfjarða: Aðalmaður Sædis María Jónatansdóttir, varamaður Barbara Gunnlaugsson.

Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2025

Í byrjun árs voru 5,15 stöðugildi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða en í lok árs voru stöðugildin 4,65. Þær breytingar urðu snemma árs að Halla Signý Kristjánsdóttir var ráðin í 50% starf sem verkefnastjóri til eins árs og tók m.a. við umsjón af verkefninu *Gefum íslensku séns* sem Ólafur Guðsteinn Kristjánsson hafði haft tímabundna umsjón með. Frá maí sinnti Halla Signý jafnframt 50% starfi vegna verkefnastjórnar í verkefninu Samræmd móttaka og inngilding íbúa af erlendum uppruna hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum. Þá var aukið við stöðugildi verkefnastjóra á sunnanverðum Vestfjörðum og er Ilona Dobosz nú í 60% starfi í stað 50% áður. Andrea Gylfadóttir, verkefnastjóri og Helga Konráðsdóttir náms- og starfsráðgjafi létu báðar af stöfum á árinu.

Í lok árs 2025 störfuðu hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða:



Barbara Maria Gunnlaugsson,
verkefnastjóri, 80% starf.



Dagný Sveinbjörnsdóttir,
verkefnastjóri, 50% starf.



Elzibeta Pawluczuk,
ræsting, 25% starf.



Halla Signý Kristjánsdóttir,
verkefnastjóri, 100% starf.



Ilona Dobosz,
verkefnastjóri, 60% starf.



Sólveig Bessa Magnúsdóttir,
verkefnastjóri, 50% starf.



Sædis María Jónatansdóttir,
forstöðumaður, 100% starf.

Kennarar og leiðbeinendur

Stór hluti af starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða byggist á vinnu verktaka sem sjá um kennslu námskeiða og námsleiða. Verktakar sjá líka um að vera matsaðilar í raunfærnimati.

Fræðslumiðstöðin leggur mikla áherslu á að þau sem kenna séu sérfræðingar á sínu sviði. Þótt miðstöðin sækir kennara út fyrir svæðið þá er lagt mikið upp úr því að fá kennara sem búa á Vestfjörðum. Með því er verið að nýta þá þekkingu sem til er á svæðinu, byggja upp reynslu og skapa atvinnu.

Árið 2025 voru verktakar vegna kennslu og raunfærnimats hjá miðstöðinni tæplega 70 talsins og voru um þrjú fjórðu hluti þeirra búsettir á Vestfjörðum.

Starfsstöðvar og starfsaðstaða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða var um langan tíma verið með starfsstöðvar á þremur stöðum á Vestfjörðum, Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði. Frá hausti 2021 hefur miðstöðin hins vegar ekki haft fast aðsetur á Hólmavík en verið í góðu samstarfi við Strandabyggð, aðallega vegna próftöku. Þegar námskeið eru haldin utan starfsstöðva er staðsetning valin með tilliti til hópsins hverju sinni.

Ísafjörður

Fræðslumiðstöð Vestfjarða leigir rúmlega 300 fermetra húsnæði af Vestra ehf. á 1. hæð að Suðurgötu 12. Aðstaðan samanstendur af tveimur kennslustofum, þremur skrifstofurýmum, fundarherbergi og sameiginlegu rými. Þegar á þarf að halda hefur Fræðslumiðstöð getað leitað til Háskólaseturs Vestfjarða með auka kennslustofur. Fræðslumiðstöðin hefur fengið aðstöðu hjá Menntaskólanum á Ísafirði fyrir verklega hluta vélgæslunáms og hjá Grunnskólanum á Ísafirði fyrir kennslu á matreiðslunámskeiðum.

Síðustu ár hefur verið unnið að því að endurnýja búnað í kennslustofum og var því að mestu leyti lokið árið 2025. Á árinu héldu áfram framkvæmdir vegna myglu sem hófust sumarið 2024 og er þeim vonandi einnig að mestu leyti lokið.

Patreksfjörður

Fræðslumiðstöðin er með aðstöðu í Vatneyrabúð, nýuppgerðu húsnæði sem miðstöðin deilir með fleiri stofnunum. Í Vatneyrabúð er aðstaða til kennslu fyrir smærri hópa og próftöku, bæði háskólapróf og önnur próf, en þegar upp koma verkefni fyrir stærri hópa eru húsnæðismál leyst með öðrum hætti.

Rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Árið 2025 var rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða jákvæður um kr. 1.728.785,-. Verkefni ársins voru að mestu hefðbundin en þátttaka í Erasmus+ og umsjón með verkefninu *Gefum íslensku séns* var skemmtileg viðbót við aðra starfsemi miðstöðvarinnar. Auk þess fór miðstöðin í EQM+ gæðaúttekt í október 2025.

Rekstur símenntunarmiðstöðvar getur verið krefjandi á fámennu og dreifðu svæði eins og Vestfjörðum. Fjöldaviðmið Fræðslusjóðs setja starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar ákveðnar skorður sem geta haft töluverð áhrif á rekstur hennar. Í sumum tilvikum verður miðstöðin að bera hluta kostnaðar af námsleiðum sjálf, þegar þátttakendur eru færri en núgildandi viðmið gera ráð fyrir.

Núverandi reglur og viðmið taka þannig ekki nægilegt tillit til aðstæðna á fámennum svæðum þar sem eftirspurn getur verið til staðar þó að hóparnir séu smærri. Það er áhyggjuefni ef ekki er unnt að bregðast við raunverulegri fræðsluþörf hverju sinni vegna fjöldaviðmiða.

Í því samhengi væri til mikilla bóta að skoða sveigjanlegri útfærslur, svo sem að byggja viðmið að einhverju leyti á meðaltalsfjölda þátttakenda yfir ákveðið tímabil fremur en lágmarksfjölda í einstakri námsleið. Slík nálgun gæti betur tekið mið af sérstöðu dreifðra byggða og stuðlað að jafnari aðgengi að símenntun um land allt.

Formlegir samstarfsaðilar

Mennta- og barnamálaráðuneyti (áður félags- og vinnumarkaðsráðuneytið)

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerðu með sér samning þann 1. janúar 2022 sem gildi til 31. desember 2023. Samningurinn var framlengdur með viðauka I til 31. desember 2024 og aftur með viðauka II sem gildir til og með 31. desember 2026. Símenntunarstöðvarnar voru svo færðar undir mennta- og barnamálaráðuneytið, frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu þann 15. mars 2025. Í samningi Fræðslumiðstöðvar við ráðuneytið er kveðið á um þá þjónustu sem miðstöðin á að veita. Þar segir:

Fræðslumiðstöðin mun vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vestfjörðum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna þ.á.m. bjóða fólki með erlend móðurmál íslenskukennslu. Námsþjónusta, sem skilgreind er í lögum um framhaldsfræðslu, skal veitt og þróuð í samstarfi, meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Fræðslumiðstöðin skal vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Vestfjörðum vegna framhaldsfræðslu og veita nemum á öðrum skólastigum þjónustu eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Úthlutun frá mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir árið 2025 voru tæpar 34 milljónir.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti

Frá 2024 hefur Fræðslumiðstöð Vestfjarða verið með tímabundinn samning um þróun samfélagsverkefnisins *Gefum íslensku séns*. Verkefnið miðar að því að efla áhuga innflytjenda á að læra og æfa sig í íslensku og vitundarvakningu um hvernig samfélög geta sem best skapað aðstæður til þess. Markmið samningsins er að stuðla að inngildingu fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslenskt samfélag með skipulagðri fræðslu og viðburðum sem virkjað geta nærumhverfi innflytjenda til þátttöku í tungumálaljálfun þeirra. Framlög vegna samningsins nema 12 milljónum króna og gerðu miðstöðinni kleift að ráða verkefnastjóra í 50% starf. Samningurinn rennur sitt skeið snemma árs 2026.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. FA er með þjónustusamning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið annars vegar (mennta- og barnamálaráðuneytið frá mars 2025) og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða sækir á hverju ári um úthlutun úr sjóðnum. Fyrir árið 2025 fengust 17,3 milljónir til kennslu vottaðra námsleiða, rúmar 7,4 milljónir í raunfærnimat og rúmar 5,5 milljónir til náms- og starfsráðgjafar. Heilt yfir gengu verkefni ársins 2025 vel en þó voru heldur færri

raunfærnimatsverkefni á árinu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Svo fór að 2 milljónum var skilað aftur til Fræðslusjós vegna úthlutunar raunfærnimats frá árinu 2024. Þá var 1,7 milljón flutt frá raunfærnimati í námsleiðir og 4,9 milljónir voru fluttar til ársins 2026.

Rannís vegna íslenskukennslu

Fræðslumiðstöðin hefur á hverju ári sótt um og gert samning við Rannís um styrki til íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna. Árið 2025 hljóðaði framlagið upp á 6.5 milljónir króna vegna 38 námskeiða. Íslenskunámskeiðin gengu vel og áhrif frá verkefninu *Gefum íslensku séns* eru jákvæð og verkefnið hefur verið góð viðbót við námskeiðin.

Háskólaþing Vestfjarða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólaþing Vestfjarða hafa lengi verið með samning sín á milli þess efnis að miðstöðin sjái um um framkvæmd prófatöku á Patreksfirði og Hólmavík fyrir háskólana í landinu. Auk þess hefur starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar hlaupið í skarðið þegar yfirsetu hefur vantað á Ísafirði. Árið 2025 sá Fræðslumiðstöðin um próftöku alls 82 einstaklinga fyrir Háskólaþing. Þá hafa Fræðslumiðstöðin og Háskólaþing haft samvinnu sín á milli varðandi kennsluhúsnæði þegar önnur hvor stofnunin þarf auka kennslurými.

Fjölmennt

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun, 19 ára og eldra og hefur sá samningur verið endurnýjaður árlega. Í samningnum er kveðið á um að Fræðslumiðstöðin skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vestfjörðum. Framlög til námskeiðahalds námu 3 milljónum og hefur upphæðin ekki breyst í mörg ár. Alls voru haldin 15 námskeið fyrir þennan hóp.

Rauði krossinn á Ísafirði

Fræðslumiðstöðin og deild Rauða krossins á Ísafirði hafa um langt skeið verið með samning sín á milli um skyndihjálparnámskeið á þann hátt að miðstöðin sér um utanumhald en Rauði krossinn leggur til kennara og búnað.

Námið

Fjöldi námskeiða, þátttakendur, nemendastundir, staðsetning námskeiða og búseta

Fræðslumiðstöð Vestfjarða býður upp á fjölbreytt nám bæði að innihaldi og lengd. Náminu er skipt í vottaðar námsleiðir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, íslensku fyrir útlendinga, réttindanám, almenn námskeið (bæði starfstengd og ætluð til eflingar á persónulegri færni) og nám fyrir fólk með fötlun. Námskeiðin eru allt frá 1-2 klukkustunda fyrirlestrum eða örnámskeiðum upp í tæplega 400 kennslustunda nám. Fjallað er stuttlega um hvern flokk síðar í þessari samantekt auk þess sem finna má gröf með nánari upplýsingum í viðauka.

Árið 2025 stóð Fræðslumiðstöðin fyrir 129 námskeiðum og voru þátttakendur alls 1.258. Þetta er aukning frá fyrra ári þegar námskeiðin voru 111 og þátttakendurnir 1.089 þátttakendur. Nemendastundir hjá Fræðslumiðstöðinni árið 2025 voru alls 35.500 samanborið við 47.562 árið á undan. Nemendastundir eru mælikvarði á umfangi fræðslustarfs en þar er búið að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði. Nánar er fjallað um nemendastundir í einstökum flokkum hér á eftir.

Námskeiðsflokkar	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi nemendastunda
Almenn námskeið	35	415	2.166
Réttindanám	10	110	8.886
Íslenska fyrir útlendinga	53	528	15.740
Vottað nám	16	140	8.076
Nám fyrir fólk með fötlun	15	64	632
Samtals	129	1.258	35.500

Fræðslumiðstöðin hefur það að markmiði að bjóða upp á nám sem víðast og aðgengilegt sem flestum óháð búsetu. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að auka framboð af fjarnámi og jafnframt bjóða upp á fjaraðgang að staðkenndum námskeiðum þegar þess er kostur. Þótt fjöldi námskeiða og þátttakenda sé enn lang mestur á norðanverðum Vestfjörðum þá er svo komið að flestar nemendastundir eru í fjarkenndum námskeiðum. Það skýrist að stórum hluta af því að smáskipanám, sem er fjarkennt, er bæði mjög langt og með góða aðsókn en einnig skipta fjarkennd íslenskunámskeið og að einhverju leyti námsleiðir máli í þessu sambandi.

Staðsetning námskeiða	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi nemendastunda
Norðanverðir Vestfirðir	59	509	10.365
Sunnanverðir Vestfirðir	9	63	904
Reykholar og Strandir	4	25	861
Fjarkennt	48	551	18.742
Fjarkennt og staðkennt*	9	110	6.871
Samtals	129	1.258	35.500

*Nám þar sem hluti nemenda er í skólastofu og hluti í fjarfundi.

Námið *Að lesa og skrifa á íslensku* hefur það markmið að auka hæfni fólks af erlendum uppruna í að nota íslensku í ræðu og riti. Árið 2025 lauk einn hópur fólks af taílenskum uppruna þessu námi sem það hóf árið 2024.

Árum saman hefur Fræðslumiðstöðin haldið *Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk* í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu en í kjarasamningum er kveðið á um rétt fiskvinnslufólks til að sækja slík námskeið. Árið 2025 voru þrír hópar á Patreksfirði og einn á Ísafirði sem luku við fiskvinnslunámskeið og voru námskeiðin túlkuð á pólsku eftir þörfum.


Haustið 2025 hófst nám sem kallast *Íslenska og atvinnulíf* sem hefur það að markmiði að auðvelda fólki af erlendum uppruna kynnast og læra íslenskt mál, laga sig að íslenskum vinnumarkaði og átta sig á uppbyggingu íslensks samfélags. Námið var kennt í Súðavík í góðu samstarfi við Súðavíkurhrepp.

Í kjölfar fréttu af alvarlegum matarsýkingum veturinn 2025 bauð Fræðslumiðstöðin upp á námið *Meðferð matvæla*. Kennt var í tveimur hópum, á íslensku og pólsku og var námið alfarið fjarkennt.

Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun er nám sem ætlað er einstaklingum með lestrar- og skriftarörðugleika. Námskráin hefur líka nýst vel til kennslu í íslensku fyrir fólk með annað móðurmál. Þrír hópar tóku þátt í þessu námi, einn á Drangnesi, einn á Hólmavík og einn á Ísafirði.

Fræðslumiðstöðin á í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun, Virk og Starfsendurhæfingu Vestfjarða um nám sem kallast *Uppléið*. Markmið námsins er að auka færni námsmanna til að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) í daglegu lífi. Alls voru fjórir hópar í náminu, einn með íslenskum þátttakendum sem voru ýmist í stofu á Ísafirði eða í fjarkennslu en þrír hópar voru alfarið í fjarnámi sem kennt var á pólsku.

Verferðatækni er nám ætlað þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við velferðarþjónustu og vilja öðlast aukna þekkingu og leikni í að takast á við tækniþróun í geiranum. Haustið 2025 var einn hópur í því námi og var það fjarkennt.



Mynd 2. Fjöldi nemendastunda í vottuðu námi 2021-2025.


Samanlagður fjöldi þátttakenda í vottuðum námsleiðum var 140 sem er nokkur fjölgun frá fyrra ári. Nemendastundir reyndust þó aðeins færri en síðustu tvö ár á undan.

Réttindanám

Undir réttindanám heyrir smáskipanám, bæði skipstjórn og vélstjórn auk þess endurmenntun fyrir atvinnubílstjóra. Eftir góðan vöxt síðustu ár var töluverður samdráttur í réttindanámi árið 2025. Vorið 2025 luku 16 nemendur námi í skipstjórn og 14 luku vélstjórnarnámi. Haustið 2025 hófu svo 17 nám í skipstjórn en ekki tókst að koma af stað vélstjórnarnámi þar sem ekki fékkst kennari. Smáskipanámið er að mestu fjarkennt en nemendur þurfa að sækja nokkrar staðkenndar lotur á Ísafirði/Patreksfirði og í Reykjavík.

Fræðslumiðstöðin er með leyfi frá Samgöngustofu til að kenna endurmenntunarnámskeið sem atvinnubílstjórar þurfa að sækja til þess að endurnýja atvinnuréttindi sín. Árið 2025 voru haldin 6 endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra, ýmist fjarkennd eða staðkennd.


Undanfarin ár hefur réttindanámið verið sá flokkur sem er með langflestar nemendastundir, en árið 2025 varð breyting þar á. Á það sér skýringar í því að vélgæslunámið fór ekki af stað á haustönn, hópar í skipstjórn voru aðeins fámennari en áður, auk þess sem skipulagi áfanga í skipstjórn var breytt þannig að hluti af kennslu sem áður var að hausti færðist yfir á vorönn 2026 og telst því ekki með hér.



Mynd 3. Fjöldi nemendastunda í réttindanámi 2021-2025.

Íslenska sem annað mál


Fræðslumiðstöðin, eins og aðrar símenntunarmiðstöðvar, sækir árlega um fjármagn til íslenskukennslu til Rannís og ræðst fjöldi námskeiða af því hvert framlagið er. Árið 2025 fengust rúmar 6,5 milljónir til niðurgreiðslu á kennslu 38 námskeiða en hvert námskeið eru 30 kennslustundir (20 klukkustundir). Eftirspurn eftir íslenskunámskeiðum var hins vegar töluvert meiri en sem nam þeim fjölda sem styrkur fékkst fyrir. Það var mat Fræðslumiðstöðvarinnar að afar mikilvægt væri að bregðast við þessum áhuga og fór svo að í lok árs var búið að halda 53 námskeið. Alls voru nemendur á íslenskunámskeiðum 528 sem er veruleg aukning frá fyrra ári. Nemendastundirnar reyndust vera rúmlega 15.700 eða rétt tæplega 45% allra nemendastunda hjá miðstöðinni. Flest íslenskunámskeiðin eru staðkennd fyrir utan sérsniðin námskeið fyrir Tailendinga sem miðstöðin hefur boðið upp á undanfarin ár í samstarfi við tvo kennara. Nánast allir nemendur á þeim námskeiðum eiga lögheimili utan Vestfjarða.



Mynd 4. Fjöldi nemendastunda í íslensku fyrir útlendinga 2021-2025.

Almenn námskeið


Til almennra námskeiða teljast bæði tómsundanámskeið og námskeið sem líta má á sem endurmenntun og starfsþróun. Í gegnum tíðina hefur þetta verið sá flokkur námskeiða sem telur flesta þátttakendur en árið 2025 voru íslenskunámskeiðin fjölmennari þrátt fyrir að þátttakendum í almennum námskeiðum fjölgaði lítillega á milli ára. Eins og áður er fjöldi nemendastunda ekki mikill þrátt fyrir ágætan þátttakendafjölda og helgast það af því að almennu námskeiðin eru yfirleitt stutt, frá einum og upp í nokkra klukkutíma. Samanlagður fjöldi þátttakenda var 416 og nemendastundirnar 2.166.



Mynd 5. Fjöldi nemendastunda á almennum námskeiðum 2021-2025.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Alls voru 15 námskeið/hópar fyrir fatlað fólk árið 2025, nemendastundirnar á árinu voru 632 og þátttakendurnir 64. Þetta er dálítil aukning frá fyrra ári. Framboð á námskeiðum fyrir fólk með fötlun ræðst af því fjármagni sem miðstöðin fær frá Fjölmennt. Samkvæmt samningnum við Fjölmennt hefur miðstöðin leyfi til að hafa námskeið fyrir mjög fámenna hópa. Með því er hægt að sníða námskeiðin betur að þörfum þátttakenda og bæta þannig þjónustuna við þennan hóp.



Mynd 6. Fjöldi nemendastunda í námi fyrir fatlað fólk 2021-2025.

Náms- og starfsráðgjöf/hvatningarviðtöl

Hjá Fræðslumiðstöðinni var einn náms- og starfsráðgjafi í hlutastarfi til haustsins 2025 en í lok árs hafði ekki tekist að ráða fagmenntaðan náms- og starfsráðgjafa til að fylla það skarð. Aðrir ráðgjafar hjá miðstöðinni hafa langa reynslu af ráðgjöf og hafa einnig aflað sér þekkingar og fræðslu á sviði ráðgjafar og hafa að mestu leyti getað sinnt ráðgjafahluta starfseminnar, boðið upp á hvatningarviðtöl og starfsþróunarsamtöl og veitt handleiðslu við raunfærnimat. Ráðgjöf fer fram á starfsstöðvum Fræðslumiðstöðvarinnar, inni á vinnustöðum, í gegnum fjarfund eða síma. Fræðslumiðstöðin er jafnframt með pólskumælandi ráðgjafa sem er mikill kostur.

Fyrir árið 2025 var framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða rúmar 5,5 milljónir og var það fjármagn nýtt að fullu. Heildarfjöldi viðtala hjá Fræðslumiðstöðinni voru 313. Um 23% viðtala voru rafræn (sími eða fjarfundur). Tölfræði viðtala er eftirfarandi:

Kyn	
Kona	179
Karl	134
Alls	313

Aldursbil	
25 ára og yngri	59
26-35 ára	85
36-45 ára	77
46-55 ára	53
56 ára og eldri	38
Alls	313

Menntunarsig	
Grunnskóli	145
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	129
Stúdentspróf	8
Starfsmenntun - minna en tvö ár	16
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	6
Iðnmenntun	2
Háskólapróf	7
Alls	313

Þjóðerni	
Ísland	134
Pólland	124
Aðrar þjóðir	8
Alls	313

Viðtalstegund	
Hvatningarviðtal	161
Ráðgjafaviðtal	146
Hópráðgjöf	6
Alls	313

Staða á vinnumarkaði	
Atvinnuleitandi	33
Í námi	9
Í starfi	247
Starfsendurhæfing	11
Öryrki	6
Annað	7
Alls	313

Ástæða viðtals	
Að eigin frumkvæði	204
Boðun í viðtal vegna VMST	15
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	58
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	10
Færnimöppugerð	3
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	7
Skimun í raunfærnimat	7
Stuðningur í matssamtali	8
Tilvísun frá VIRK	1
Alls	313

Raunfærnimat

Raunfærnimat er ein af stoðunum í starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar. Vinnan í tengslum við raunfærnimat felst meðal annars í því að kynna matið fyrir mögulegum þátttakendum, veita ráðgjöf og aðstoða við undirbúning matsins, útvega matsaðila, skipuleggja framkvæmd matsins og sinna eftirfylgni og ráðgjöf að því loknu. Árið 2025 var framkvæmt raunfærnimat fyrir þjónustubrautir (félagsliða, leikskólaliða og stuðningsfulltrúa), fisktækni (fiskvinnsla og fiskeldi) og í almennri starfshæfni. Í almennri starfshæfni er ekki metið á mótí áföngum í formlega skólakerfinu og því fá þátttakendur engar einingar í því mati.

Alls fóru 15 í gegnum raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á árinu og voru metnar einingar alls 786. Skiptingin á milli greina var eftirfarandi:

Raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða 2025	Fjöldi þátt.	Konur	Karlar	Annað kyn	Fjöldi met- inna eininga	Meðaltal metinna eininga	Meðal- aldur
Almenn starfshæfni	4		4		-	-	27
Þjónustubrautir	6	6			430	72	37
Fisktækni	5	1	4		424	85	32
Samtals	15	7	8		854	78	33

Auk þess aðstoðaði Fræðslumiðstöðin fimm einstaklinga sem fóru í raunfærnimat hjá öðrum miðstöðum n.t.t. Íðunni og Visku í Vestmannaeyjum. Þar voru metnar samtals 150 einingar í múraraíðni, smíðum og skipstjórn.

Fjárframlag Fræðslusjóðs til raunfærnimats á árinu nam rúmum 7,4 milljónum á árinu 2025. Ekki tókst að framkvæma mat fyrir alla upphæðina á árinu, auk þess fjármagns sem til var frá fyrra ári. Fræðsluaðilar geta sótt um að færa fjármagn á milli liða og vegna aukinnar eftirspurnar eftir

námsleiðum umfram úthlutað fjármagn fékk Fræðslumiðstöðin heimild til að flytja 1,7 milljónir úr raunfærnimati yfir í kennslu vottaðra námsleiða. Einnig voru 4,9 milljónir færðar yfir á árið 2026.

Þjónusta við atvinnulíf og skóla

Fræðslumiðstöðin leggur áherslu á góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Þetta er gert með því að bjóða upp á starfstengd námskeið og aðra þjónustu eins og fræðslustjóra að láni, ráðgjöf og raunfærnimat fyrir starfsfólk.

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið *Fræðslustjóri að láni* byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja sem er sérhæfður í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Afurð verkefnisins er sérsniðin fræðsluáætlun þar sem búið er að leggja línurnar í fræðslumálum marga mánuði fram í tímann. Árið 2025 var unnið að undirbúningi eins fræðslustjóra verkefnis sem sækja á um fyrir árið 2026.

Fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir

Fræðslumiðstöðin býður fyrirtækjum og stofnunum upp á sérsniðin námskeið. Í gegnum tíðina hefur miðstöðin átt afar gott samstarf við fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu og nú hafa fiskeldisfyrirtækin bæst við. Fyrir utan fjóra hópa á grunnnámskeiðum fyrir fiskvinnslufólk var stærsta einstaka verkefnið *námskeiðaröð fyrir millistjórnendur hjá fiskeldisfyrirtæki*. Auk þess hafa fiskeldisfyrirtæki stutt vel við sitt fólk til þess að sækja sér skipstjórnar- og/eða vélstjórnarréttindi á opnum námskeiðum.

Til viðbótar voru haldin þrjú skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk á leikskólum í samstarfi við Rauða kossinn, tvö námskeið um góða framleiðsluhætti og eitt upplýsingatækninámskeið.

Vinumálastofnun á Vestfjörðum, Starfsendurhæfingu Vestfjarða og Virk

Fræðslumiðstöðin á gott samstarf við þá aðila sem vinna að virkni einstaklinga og eflingu til atvinnuþátttöku, þ.e.a.s. Vinnumálastofnun, Stafsendurhæfingu Vestfjarða og Virk. Árið 2025 voru þau úrræði sem þessar stofnanir nýttu fyrst og fremst íslenskunámskeið, námskeið til undirbúnings raunfærnimats í almennri starfshæfni og mat í framhaldinu og námsleiðin *Uppléið* sem var kennd bæði á íslensku og pólsku. Þess utan gat fólk frá þessum samstarfsaðilum sótt önnur námskeið.

Próftaka

Fyrir utan umsjón og aðkomu að prófum fyrir Háskólasetur hefur Fræðslumiðstöðin séð um próftöku á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík fyrir einstaklinga í fjarnámi af ýmsu tagi. Meðal fræðsluaðila sem boðið hafa nemendum sínum að nýta þennan kost eru Vinnuvélaskólinn, Vinnueftirlitið, Umhverfisstofnun, Keilir, Tækniskólinn, FÁ o.fl. Alls voru 72 próf undir þessum lið starfseminnar árið 2025. Auk þess hefur Fræðslumiðstöðin, í umboði Mímis, séð um framkvæmd íslenskuprófa á Ísafirði vegna umsóknar um ríkisborgararétt.

Samstarf við stéttarfélög og starfsmenntasjóði

Fræðslumiðstöðin er með samning við sjóðina Sveitamennt og Ríkismennt þess efnis að það starfsfólk sem vinnur hjá ríki eða sveitafélögum og greiðir til Verkalýðsfélags Vestfirðinga eða Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur geti sótt starfstengd námskeið sér að kostnaðarlausu, þ.e. sjóðirnir greiða fyrir sitt félagsfólk og Fræðslumiðstöðin sækir námskeiðsgjöldin beint til sjóðanna. Þetta samstarf hefur skipt miklu máli þegar kemur að því að bjóða upp á fræðslu og endurmenntun fyrir starfsfólk sem á aðild að þessum sjóðum.

Í gegnum tíðina hefur Fræðslumiðstöð einnig átt gott samstarf við starfsmenntasjóði annarra stéttarféлага, oftast í formi þess að sjóðirnir greiða þátttökugjöld fyrir sitt fólk á tiltekin námskeið. Árið 2025 buðu Kjölur og Sameyki auk Verkalýðsfélags Vestfirðing og Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur félagsfólki sínu að sækja ákveðin tórstundanámskeið sér að kostnaðarlausu. Með þessu samstarfi er aðgengi að tórstundanámskeiðum aukið og ýtt undir þátttöku og er fullur vilji hjá miðstöðinni til að halda slíku áfram.

Samstarf símenntunarmiðstöðva og fullorðinsfræðsluaðila

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á aðild að tveimur samtökum, annars vegar Símennt og hins vegar Leikn.

Símennt – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Símennt eru samtök 11 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Markmið samtakanna eru m.a. að vinna að símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og síbreytilegu starfsumhverfi.

Símennt heldur tvo staðfundi á ári, forstöðumannafund að vori og fund sem verkefnastjórar og ráðgjafar geta tekið þátt í að hausti, auk rafrænna forstöðumannafunda. Haustfundurinn 2025 var í Borgarnesi og var vel sóttur af starfsfólki Fræðslumiðstöðvarinnar.

Undanfarin misseri hefur Sædís María Jónatansdóttir setið í stjórn Símenntar en lauk sínum starfskyldum þar eftir vorfund 2025.

Leikn - Samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Þátttaka Fræðslumiðstöðvarinnar í starfsemi Leiknar hefur fyrst og fremst falist í því að sækja fyrirlestra og fræðsluerindi sem samtökin bjóða upp á í fjarfundi en framboð var ekki mikið árið 2025.

Þróunarverkefni - samstarfsverkefni

Evrópuverkefni

Í lok árs 2024 fékk Fræðslumiðstöð Vestfjarða aðild að Erasmus+ áætluninni sem tryggir miðstöðinni fjármagn til evrópsks samstarfs á tímabilinu 2025-2027. Með Erasmus+ styrknum opnast möguleiki fyrir nemendur, kennara og starfsfólk til að taka þátt í náms- og starfsferðum erlendis jafnframt því að taka á móti heimsóknum frá öðrum löndum. Með þátttökunni skapast tækifæri til að tengjast öðrum skólum í fullorðinsfræðslu, læra af reynslu annarra og miðla eigin þekkingu.

Í ágúst 2025 fékk Fræðslumiðstöðin heimsókn frá samstarfsskóla í Plasencia á Spáni. Til stóð að starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar mundi endurgjalda heimsóknina og fara til Spánar í lok september en því miður féll sú ferð niður á allra síðustu stundu þegar flugfélagið sem fljúga átti með fór í þrot. Betur gekk í október en þá heimsóttu þrír starfsmenn Fræðslumiðstöðvarinnar tvo fullorðinsfræðsluskóla í La Spezia á Ítalíu.

Gefum íslensku séns

Verkefnið *Gefum íslensku séns* hefur það markmið að auka vitund fólks um að til þess að ná tókum á tungumáli þurfi að nota það og að samfélagið sé lykillinn að tungumálinu. Verkefnið rekur upphaf sitt til Háskólaseturs Vestfjarða og Ólafs G. Kristjánssonar íslenskukennara. Á árinu 2024 var settur formlegri rammi um verkefnið og sótt um styrk til menningar- og viðskiparáðuneytisins og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis til þess að þróa verkefnið áfram. Ráðuneytin samþykktu styrk síðla árs 2024 sem gildir til loka janúar 2026. Með samningnum færðist verkefnið formlega til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða þar sem það var fyrst undir stjórn Ólafs Guðsteins og síðan Höllu Signýjar Kristjánsdóttur frá mars 2025.

Gefum íslensku séns er mikilvægt verkefni sem snýr ekki einungis að þeim sem eru að læra málið heldur einnig þeim sem hafa íslensku að móðurmáli eða hafa þegar lært málið. Árið var nýtt til að kynna hugmyndafræði verkefnisins um allt land og hvetja einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök til þátttöku og vitundarvakningar um mikilvægi þess að leggja tungumálinu lið.

Gæðamál

Tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna er eitt af skilyrðum þess að teljast viðurkenndur fræðsluaðili í fullorðinsfræðslu. Fræðslumiðstöðin hefur verið með EQM gæðavottun (European Quality Mark) frá árinu 2013. EQM er gagnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. EQM tekur mið af gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir, innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila og hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er með samning um EQM-úttektir og á slík úttekt að fara fram reglulega hjá símenntunarmiðstöðvum.

Upphaflega náði vottunin aðeins til náms en nú er raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf einnig undir og kallast kerfið þá EQM+.

Fræðslumiðstöðin fór í gæðaúttekt í október 2025 og kom sú skoðun afar vel út. Í kjölfarið fékk miðstöðin gæðavottun til næstu þriggja ára eða til 31. desember 2028.

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur sett sér eftirfarandi markmið fyrir starfsemi ársins 2026:

Vottaðar námsleiðir

- Vinna samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna kennslu vottaðra námsleiða. Framlög til kennslu vottaðs náms árið 2026 eru 16.556.000 kr.
- Hvaða námsleiðir verða endanlega kenndar ræðast af eftirspurn og þörf. Áætlað er að kenna eftirfarandi námsleiðir með að meðaltali 10 þátttakendum í hverjum hópi:

Námsleið	Önn	Hópar
Uppléið (á pólsku)	Vor	1
Íslenska og atvinnulíf	Vor	1
Tölvugrunnur og sjálfsefning	Vor	1
Grunnnám fyrir fiskvinnslufólk	Vor	1
Leikskólasmiðja	Vor	1
Uppléið (á íslensku)	Haust	1
Uppléið (á pólsku)	Haust	1
Grunnnám fyrir fiskvinnslufólk	Haust	1
Umönnunarsmiðja	Haust	1
Ótilgreind námsleið	Haust	1

Náms- og starfsráðgjöf

- Vinna samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna náms- og starfsráðgjafar. Framlag til ráðgjafar á árinu 2026 er 6.153.000 kr.
- Fjöldi viðtala mun fara eftir hvernig skipting verður á milli ráðgjafaviðtala, hvatningaviðtala og hópviðtala.
- Þjóða viðtöl innan fyrirtækja og stofnana.
- Viðtöl og stuðningur vegna raunfærnimats.

Raunfærnimat

- Vinna samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Framlag til raunfærnimats á árinu 2026 eru samtals 5.331.000 kr. og skiptist þannig á greinar:
 - Almenn starfshæfni
 - Fiskvinnsla og fiskeldi
 - Ótilgreindar iðngreinar í samstarf við IÐUNA
 - Þjónustubrautir
 - Matartækni
 - Skipstjórn í samstarfi við Visku
 - Sjúkraliðabraut
 - Rafiðngreinar í samstarfi við Rafmennt

- Kynna raunfærnimat fyrir fyrirtækjum og einstaklingum með heimsóknum og viðtölum.
- Áframhaldandi samstarf við Vinnumálastofnun um raunfærnimat fyrir atvinnuleitendur.

Íslenska sem annað mál

- Kenna 52 námskeið með að lágmarki 10 þátttakendur hvert í samræmi við úthlutun Rannís til íslenskukennslu fyrir árið 2026. Hvert námskeið er 30 kennslustundir/20 klukkustundir.
- Bjóða upp á íslenskunámskeið á stigi 1-3. Námskeið verði í boði á Ísafirði, Patreksfirði og fjarkennt. Jafnframt að vinna að því að koma á námskeiðum á fleiri stöðum.
- Halda áfram með fjarkennd námskeið fyrir Taíendinga.

Gefum íslensku séns

- Undirbúningur og stofnun félags um *Gefum íslensku séns*.
- Yfirfærsla á verkefninu til félagsins.
- Þátttaka í starfi félagsins *Gefum íslensku séns*.

Réttindanáám

- Ljúka seinni hluta af smáskipanámi í skipstjórn sem hófst haustið 2025.
- Endurskoða framtíð smáskipanáms í ljósi nýrra reglna.
- Bjóða upp á endurmenntun fyrir atvinnubílstjóra í samræmi við eftirspurn.

Fullorðinsfræðsla fyrir fólk með fötlun

- Bjóða upp á fjölbreytt námskeið sem rúmast innan samnings við Fjölmenn.

Almenn námskeið / starfstengd námskeið

- Bjóða upp á a.m.k. 30 almenn/starfstengd námskeið yfir árið.
- Vinna með fyrirtækjum og stofnunum að auknu framboði af starfstengdum námskeiðum.
- Áframhaldandi samstarf við Rauða krossinn um skyndihjálparnámskeið, bæði til fyrirtækja og einstaklinga.
- Rækta samstarf við starfsmenntasjóði um greiðslu þátttökugjalda á tilteknum námskeiðum. Bjóða upp á a.m.k. 5 námskeið á hvorri önn með þátttöku starfsmenntasjóða.
- Fjölga staðkenndum námskeiðum á Ströndum og sunnanverðum Vestfjörðum.
- Fjölga þátttakendum utan norðanverðra Vestfjarða á fjarkenndum námskeiðum.

Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir

- Auka áherslu á þjónustu við fyrirtæki og stofnanir varðandi stuðning við fræðslu og þjálfun starfsfólks, m.a. með kynningum og heimsóknum til fyrirtækja og stofnana.
- Vinna að fræðslugreiningarverkefni fyrir heilbrigðisstofnun.
- Vinna að fræðslugreiningarverkefni fyrir leikskóla.

Þróunarverkefni/samstarfsverkefni

- Styrkleikastofa - stuðningur við þróun námskrár með Framvegis.
- IPS (International peer support) - stuðningur við þróun námskrár með IPS og Símey.
- Koma pólska málfræðiheftinu *Íslenska málfræðihandbókin mín* í meiri dreifingu.

- Inngildingarverkefni fyrir Vestfjarðarstofu verði lokið í maí.

Erasmus +

- Fastráðið starfsfólk taki þátt í einni starfsspeglun á vegum Erasmus+ og einu námskeiði.
- Fara með einn hóp kennara í stafsspeglun.
- Fara með einn hóp nemenda í námsferð.
- Fræðslumiðstöð fái einn kennara að utan til að halda námskeið á svæðinu.

Markaðs- og kynningarmál

- Hefja undirbúning að uppfærslu á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar.
- Áframhaldandi þróunarstarf teymis í markaðs- og kynningarmálum.

Gæðamál

- Endurskoða námskeiðsmat sem lagt er fyrir í lok námskeiða.
- Bæta upplýsingagjöf til nemenda með því að útbúa „Allt um námið“ fyrir íslenskunámskeið.
- Fylgja eftir langtímaáætlun um innra mat.

Starfsmannamál

- Ráða verkefnastjóra sem m.a. sér um íslensku.
- Ráða í stöðu náms- og starfsrágjafa.
- Starfsfólk taki þátt í starfi og fræðslu Símenntar og Leiknar.
- Starfsfólk sækir sér endurmenntun eftir því sem tækifæri gefast.
- Fræðslumiðstöð setji formlega starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk miðstöðvarinnar.

Húsnæði/aðstaða

- Bæta aðstöðu með tilliti til fjarkennslu/fjarnáms.

Önnur verkefni

- Hefja stefnumótun fyrir miðstöðina að vori og ljúka fyrir lok árs 2026.
- Sinna prófum fyrir Háskólasetur og aðra.

Fjárhagsáætlun

Tekjur	Áætlun 2026
Framlög og styrkir	
Rekstrarsamningar vegna framhaldsfræðslu, staðfest	32.600.000
Styrkir (Fjölmennt)	3.000.000
Styrkir geymdir til næsta árs, breyting	4.000.000
Samtals	39.600.000
Sí- og endurmenntun	
Framlög frá ríki v. Íslenska f. útlendinga	9.200.000
Framlög frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, staðfest	28.500.000
Sérverkefni (Inngilding, Fræðslustjóri að láni)	6.800.000
Greitt af þátttakendum	25.000.000
	79.500.000
Samtals tekjur	109.100.000
Gjöld	
Laun og launatengd gjöld, áætlun	(62.000.000)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(14.000.000)
Annar rekstrarkostnaður, heimasíða og stefnumótun	(13.000.000)
Verkefna- og námskeiðskostnaður, verktakagr.	(20.000.000)
Fyrningar/afskriftir	(400.000)
	(109.400.000)
Afkoma fyrir vaxtaliði	(300.000)
Vaxtaliðir	2.500.000
Hagnaður (tap)	2.200.000

Lokaorð

Síðustu ár hafa samfélagsbreytingar verið meiri og hraðari en áður hefur þekkt. Hnattvæðing, tækniþróun og síaukin sjálfvirknivæðing með hjálp gervigreindar skapa ný tækifæri fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélög. Þessar hröðu breytingar hafa þó um leið afleiðingar og geta einkum ógnað þeim sem eiga erfitt með að halda í við þróunina.

Fólk, fyrirtæki og samfélög standa frammi fyrir nýjum áskorunum samhliða þessari þróun. Einstaklingar þurfa að tileinka sér nýja þekkingu og hæfi en jafnframt að endurskoða fyrri viðhorf og venjur. Með því aukast möguleikar þeirra til að aðlagast breyttum aðstæðum, nýta ný tækifæri og taka virkan þátt í samfélagi og atvinnulífi.

Símenntunarmiðstöðvar geta gegnt lykilhlutverki við að mæta þessum áskorunum með fræðslu og símenntun á sviði tæknilæsi, gervigreindar, fjölmennningar og íslensku sem annars máls. Mikilvægast er þó líklega að beina athyglinni að mannlegum þættinum, efla gagnrýna hugsun og stuðla að öryggi og virkri þátttöku fólks í samfélaginu. Í náms- og þekkingarsamfélagi fær fólk tækifæri til að leggja grunn að betri framtíð.

Virk þátttaka í samfélaginu er mikilvæg vegna þess að hún styrkir bæði einstaklinginn og samfélagið í heild. Virk samfélagsþátttaka, til dæmis í námi og umræðu, eykur tilfinningu fólks fyrir tilgangi, ábyrgð og félagslegum tengslum. Slík þátttaka stuðlar að betri líðan, auknu sjálfstrausti og minni félagslegri einangrun.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða gegnir mikilvægu hlutverki með því að stuðla að góðu aðgengi að menntun, styrkja hæfni fólks og efla samfélagið í heild. Ráðgjöf er þar ekki hvað síður mikilvæg þar sem sjónum er beint að styrkleikum, tækifærum og persónulegum og samfélagslegum vexti.



Til að gera nám og menntun aðgengilega þarf að tryggja fjármögnun. Sérstaklega þarf að gæta þess að kostnaður letji ekki þátttöku í námi og að kröfur um lágmarksfjölda hamli ekki hæfniuppbyggingu og menntun. Þar þarf sérstaklega að horfa til fámennra svæða og landfræðilegra hindrana.

Ég vil þakka öllum sem tekið hafa þátt í starfi og fjölbreyttu samfélagi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á árinu 2025 – samstarfsfólki, þátttakendum, kennurum, stjórn, fulltrúaráði, samstarfsaðilum og styrktaraðilum – fyrir þeirra mikilvæga framlag og gróskumikla starf. Þið eruð fólkid á bak við Fræðslumiðstöðina!


Ég hlakka til áframhaldandi verkefna og nýrra ævintýra.

Sædís María Jónatansdóttir, framkvæmdastýra


Viðauki I – Gröf með upplýsingum úr starfseminni



Fjöldi nemendastunda 2021-2025




Fjöldi nemendastunda eftir námskeiðsflokkum 2025






Hlutfall kynja




Aldursdreifing þátttakenda á námskeiðum 2025





Hlutfallsleg skipting þátttakenda á námskeiðum eftir búsetu 2021-2026



Viðauki II EQM Viðurkenning



EQM+

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

uppfyllir viðmið EQM+ um gæði kennslu í fullorðinsfræðslu og tengdrar umsýslu.

Vottunarnúmer: IS25-26-28006

Útgáfudagur: 20-11-2025

Gildir til: 31-12-2028



f. h. Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins



f. h. Ásgarður (AIS ehf.)

EQM og EQM+ er gæðavottun sem staðfestir gæði fræðsluaðila og starfsemi þeirra.
Nánari upplýsinga er að finna á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á www.frae.is